

EFTIRLITSSKÝRSLA

Benchmark Genetics Iceland hf. Kollafjörður



Dags eftirlits	29.3.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Benchmark Genetics Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Bæjarhraun 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6203911079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Eiríkur Andri Gunnarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Ella Kristín Geirsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlitið er varðar umfang eldis.
Þrjár ábendingar eru gerðar er snúa að aðkomu, settjörn og gildistíma starfsleyfis.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang 2019 og 2020
- Frárennsli, hreinsun og mælingar
- Úrgangur, spilliefni og lyf
 - o Dauðfiskur
 - o Annar úrgangur
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Umgengi á lóðum og aðkoma.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum.
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahæja (urðunarstaðir, fiskeldi og pauleldisbú).
- Útreikningar á losun í frárennsli í fiskeldi.
- Gildistími starfsleyfis

Eftirlitið fór fram með vettvangsskoðun og fundi þar sem farið var yfir gögn og áætlanir rekstraraðila.

Frávik var skráð í eftirliti 2019 vegna umframframleiðslu 2017 og 2018, en framleiðsla var yfir mörkum bæði árin. Skv. úrbótaáætlun vegna fráviksins áætlaði rekstraraðili að vera framvegis undir mörkum starfsleyfis m.t.t. framleiðslu vegna betri kyngreiningabúnaðar og var það tekið út í þessu eftirliti. Annað frávik var skráð vegna skorts á áætlun/mælingum á losun eldisins. Útreikningar á losun frá eldinu bærast eftir eftirlitið og í ársyfirliti vegna ársins 2019.

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlits 2021. Breytingar á flokkum og vægi þeirra í áhættumati fyrir fiskeldi á landi framvegis voru einnig kynntar. Þar var sérstaklega minnst á breytingu í flokkun m.t.t. nálægðar við íbúabyggð eða náttúruverndarsvæði sem og vottanir um umhverfisstjórnunarkerfi.

Umfang eldisins var innan marka starfsleyfis 2019 en rétt yfir mörkum 2020 og er því skráð frávik þess efnis frá starfsleyfi. Rekstraraðila er bent á að ganga úr skugga um að framleiðsla ársins 2021 verði innan marka leyfis.

Frárennsli var skoðað, en það liggur frá eldinu á tveimur stöðum. Rekstraraðila var bent á að skoða hvort moka þyrfti upp úr settjörn við aðra útrásina. Frárennsli beggja útrása rennur eftir lækjum/skurðum í sjávarlón við Kollafjörð. Annað rennur einungis í gegnum sigti til varnar slysasleppingu áður en það rennur til lónsins og hitt rennur í gegnum áðurnefnda settjörn ásamt slysasleppingavarnir.

Farið var yfir förgun dauðfisks og flokkun og förgun annars úrgangs líkt og spilliefnaumbúða. Eins og er fer dauðfiskurinn allur í urðun í Álfsnes, en verið er að skoða önnur hentug úrræði.

Geymsla og meðhöndlun efna var rædd. Staðfest var að öryggisblöð eru til staðar og geymsla efna, til að mynda sýru,

basa og annarra spilliefna er með fullnægjandi hætti.

Umgengni á svæðinu er almennt góð en farið var yfir aðkomu og uppsetningu nýrrar girðingar í stað þeirrar sem nýlega var rífin vegna slæms ástands.

Ekki hefur þurft að tæma settjörn við eldið síðan rekstraraðili tók við rekstri stöðvarinnar svo ekki hefur komið til þess að farga þyrfti slíku fastefni. Leiðbeiningaskjal stofnunarinnar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum fylgdi boðun eftirlits og var rætt. Sérstaklega í ljósi þess að rekstraraðila var bent á að skoða hvort dýpka þyrfti tjörnina til að auka virkni hennar.

Enginn olúgeymir er á staðinum.

Rætt var um sóttmenguð dýrahæ og reglur um aukaafurðir dýra. Benchmark Genetics Iceland vinnur að uppfærslu verklagsreglna sinna og áætlaði rekstraraðili að senda Umhverfisstofnun þær eftir páska. Rekstraraðil áætlað að senda verklagsreglurnar um miðjan maí. Drög að verklagsreglum Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar fylgdu boðun eftirlits.

Áætlun á losun í frárennsli frá fiskeldinu var rædd ásamt þeim reikniformúlum sem notast er við, hvort sem er frá fóðurnotkun líkt og kemur fram í leiðbeiningaskjali umhverfisstofnunar eða út frá mælingum á efnastyrk í frárennsli. Leiðbeiningarnar höfðu verið kynntar áður fyrir rekstraraðila og fylgdu einnig boðun eftirlits.

Rekstraraðila var bent á í seinasta eftirliti að starfsleyfið rennur út nú í haust 2021. Rekstraraðili hyggst færa starfsemi stöðvarinnar í nýja stækkaða stöð sína í Vogavík en það mun ekki verða gert áður en nógildandi leyfi rennur út. Því var ítrekað að rekstraraðili þurfi inn fullnægjandi umsókn um starfsleyfi í sumar svo rekstraraðili starfi ekki án starfsleyfis eftir 15. september nk.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 1.1. í starfsleyfisskilyrðum

Starfsleyfi heimilar ársframleiðslu allt að 20 tonnum. Framleiðsla ársins 2020 var umfram það eða rétt rúm 20 tonn. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila dags. 31.3 sl. áætlað rekstraraðili að minnka umfang á árinu 2021 til að vera innan marka leyfis.

ÁBENDINGAR

Girðing í slæmu ásigkomulagi hafði nýlega verið fjarlægð og eftirlitsaðili bendir rekstraraðila á að huga að því sem allra fyrst að setja upp nýja til að hindra óviðkomandi aðgang að svæðinu.

Settjörn er grunn og er rekstraraðila bent á að skoða að dýpka tjörnina til að auka virkni hennar.

Eftirlitsaðila var einnig bent á að sækja um starfsleyfi sem fyrst, þar sem núgildandi starfsleyfi rennur út 15. september nk. Hafi núgildandi leyfi ekki verið framlengt eða nýtt leyfi verið gefið út fyrir það er eldi í stöðinni með öllu óheimilt.

ANNAÐ

Skv. rekstraraðila er unnið að því að samræma vöktun milli eldisstöðva fyrirtækisins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.05.2021


Hulda Soffía Jónasdóttir

